


Guðný Magnúsdóttir leirlistarmaður á sýningu sinni í Gallerí Hallgerði. (Mynd: einar ól).

Leitað í leir

Guðný Magnúsdóttir hefur opnað sýningu á verkum unnum í leir í Gallerí Hallgerði, á horni Bókhlöðustígs og Laufásvegar. Verkin á sýningunni eru skálar og vasar að meginuppistöðu, mótuð í ljósan leir á þessu ári, auk eldri verka.

Notagildi hlutanna, form og skreyting eru þau atriði sem leitast er við að samræma í þeim verkum sem nú eru til sýnis. Guðný hefur áður haldið einkasýningar og tekið þátt í samsýningum. Full ástæða er til að vekja athygli á sýningu Guðnýjar sem er opin til 25. okt. Alla daga kl. 14-18.



Af sýningu Kjartans í Gallerí Borg. Listamaðurinn aftók að vera með á myndinni. (Mynd: einaról)

Málari sem fékk hugljómun

Kjartan Guðjónsson sýnir í Gallerí Borg

Kjartan Guðjónsson hefur opnað sýningu í Gallerí Borg við Austurvöll. Framan af ferli sínum málaði Kjartan abstrakt, en segist hafa fengið hugljómun um 1978 og breytti þá um stíl og fór að sinna grafík jafnframt málverkinu. Kjartan hefur einnig myndskreytt bækur. Á sýningunni eru vatnslitamyndir, teikningar og olíumyndir.

Kjartan fæddist árið 1921. Hann stundaði nám við Art Institute of Chicago og við akademíuna í Flórens. Hann hefur haldið fjölmargar einkasýningar og einnig tekið þátt í fjölda samsýninga hér á landi og erlendis, á Norðurlöndum, Þýskalandi, Belgíu og Ítalíu. Kjartan hefur kennt við Myndlista- og handíðaskóla Íslands og fleiri skóla í fjölda ára. Sýningin er opin kl. 10-18 á virkum dögum en 14-18 um helgar. Lýkur 27. okt.

NÚTÍMATÆKNI blönduð forneskju

Kristján Steingrímur opnar sýningu á Kjarvalsstöðum: Lít á mig sem vísindamann sem er að skapa myndræn vandræði



Kristján Steingrímur á Kjarvalsstöðum. (Mynd Sig.).

„Þegar ég kom fyrst út lenti ég í vissum erfiðleikum. Hér heima hafði nýja málverkið verið á fullu, eins konar nýexpressjónismi, en í Þýskalandi voru menn búnir að vera að mála í tíu ár og að miklu leyti búnir að afgreiða þá möguleika sem fólust í nýexpressjónismanum. Það þýddi þess vegna lítið fyrir mig að halda áfram í sama dúr og hér heima; það hefði bara haft hægan dauðdaga í för með sér. Ég varð að finna mína persónulegu leið."

Kristján Steingrímur opnar sýningu á Kjarvalsstöðum í dag kl. 14, þar sem hann sýnir olíumálverk máluð á þremur árum og grafík. Kristján stundaði nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands árin 77-81 og hélt utan til Þýskalands til náms eftir það, nam þá hjá prófessor Bernd Köberling í Hamborg. Kristján Steingrímur hefur tekið þátt í og haldið nokkrar sýningar hér á landi og í Þýskalandi. Ofangreind klausa er tekin úr grein sem Illugi Jökulsson skrifar í handbók um sýninguna og segir svo áfram um Kristján:

Íslenskar rúmfjalir

„Landslagið er horfið aftur – í bili að minnsta kosti, því hann segist áreiðanlega eiga eftir að taka upp þann þráð seinna. Fyrir tveimur árum fóru allt í einu að koma úr pensli hans fígúratífar myndir, byggðar á myndmáli sem hlýtur að kallast þjóðlegt þótt sjálfsagt hefði það komið Ásgrími og Jóni Stefánssyni spánskt fyrir sjónir. Minni úr sjávarútvegi eru algeng; önglar, fiskar, bátar og bein svamla innan um alls konar geometrísk form og línur sem sumar ku vera úr línuritum yfir efnahagsástand einhverra Suður-Ameríkuríkja! Hann er líka farinn að þrykkja inn á myndir sínar með dúkristu minni myndum sem sumar eru svo þjóðlegar að sýna mennýta bát úr nausti; aðrar eru þjóðsögulegar og enn aðrar eftirprentanir af dönskum kórónum eða skreytingum af íslenskum rúmfjölum."

„Hér og hvar – einkum í „eldri" myndum af þessu tagi, má sjá vélabúnað ýmiss konar og innyfli úr tækjum. „Það er kannski stutt í realismann hjá mér," segir Kristján hugsandi, þegar hann sýndi mér nokkrar myndir af þessu tagi. „En ég er ekki að segja neinar sögur í myndunum mínum; þetta eru fremur endurminningabrot í bland við nýjan tíma. Nútímatækni blönduð forneskju og öfugt. Það er ennþá expressjónismi í þessum myndum mínum en líka geometría og konstrúktívismi og alls konar konkrethlutir, enda lít ég svo á að ég sé vísindamaður að skapa myndræn vandræði fyrir áhorfandann að glíma við. Einhver þóttist sjá í verkum mínum vott af súrrealisma en það finnst mér dularfullt. Súrrealisminn á uppruna sinn í draumi eða einhvers konar draumkenndu ástandi en hjá mér er þetta afskaplega vísindalega unnið þótt oft komi ég sjálfum mér á óvart. Það kann að vera að eitthvað minni á súrrealisma í myndum mínum – það er þá formræn samlíking. Annars er náttúrlega erfitt fyrir mann, sem er nýútskrifinn úr skóla að vera að tjá sig í löngu máli um það sem er að gerast í myndunum. Ég geri mér grein fyrir því að ég er enn undir áhrifum úr ýmsum áttum. Ég tel mig hafa náð fótfestu og þroska til að byggja á en á vonandi eftir að þróast mikið enn og finna mér minn eigin stað. Að vísu er ekkert nýtt undir sólinni en það er þó mismunandi skýjafar og alltaf má skoða það gamla í nýju ljósi."

Sýning Kristjáns Steingríms er opin alla daga kl. 14-22. Og stendur til 2. nóvember.